

Fjarðabyggð 15. Október 2019

Bæjarráð Fjarðabyggðar

Við forstöðumenn bókasafna Fjarðabyggðar förum fram á að Bæjarráð Fjarðabyggðar veiti bókasöfnunum aukafjárveitingu á árinu 2019. Fjárveitingu sem væri í takt við þá aukafjárveitingu sem Reykjavíkurborg hefur samþykkt að veita nú haust sem lið í því að efla læsi nemenda.

Fjárveitingin yrði eingöngu notuð til að versla nýjar bækur en félag bókaútgefenda heldur barnabókamessu á hverju hausti þar sem kynntar eru nýjar barnabækur og þær seldar á mjög góðum afslætti. Bókamessan í ár verður haldin dagana 11 og 12 nóvember. Þeir sem ekki komast á messuna geta fengið senda til sín í lista sem þeir panta eftir og fá frían flutning ef verslað er fyrir ákveðna upphæð.

Miðað við fjárveitingu Reykjavíkurborgar væri heildarupphæðin um 360.00 og tillaga okkur er að hún gæti skipst svona á milli safnanna í Fjarðabyggð.

|                 |         |            |
|-----------------|---------|------------|
| Neskaupstaður   | 226 nem | 90.000 kr  |
| Eskifjörður     | 151 nem | 70.000 kr  |
| Reyðarfjörður   | 211 nem | 90.000 kr  |
| Fáskrúðsfjörður | 100 nem | 50.000 kr  |
| Stöðvarfjörður  | 23 nem  | 30.000 kr  |
| Breiðdalsvík    | 23 nem  | 30.000 kr  |
| Samtals:        |         | 360.000 kr |

Tölur nemenda í hverjum skóla eru fengnar af heimasíðu Fjarðabyggðar

Greinagerð.

Sveitarfélagið leggur mikla áherslu á að efla læsi nemenda en nokkrar lestrarstefnur eru kenndar í grunnskólum þess í dag. Okkur finnst að þegar settar eru fram metnaðarfullar lestrarstefnur þurfa að taka með í reikninginn auknar fjárveingar til skólabókasafnanna. Að okkar mati getum við ekki boðið nemendum okkar uppá það að lesa



aftur og aftur sömu gömlu bækurnar þar sem ekki fæst nóg fjármagn til endurnýja bækurnar til að sem flestir geti verið að lesa nýjar eða a.m.k. nýlegar bækur. Ef sveitarfélagið segir A þarf það líka að segja B. Sem sagt aðgerðir þurfa að fylgja til að sá árangur náist sem stefnt er að.

Við viljum taka fram að sú upphæð sem sem færð var frá skólunum til bókasafnanna er ekki mikil viðbót við það sem áður fór til skólanna heldur höfum við núna meira um það að segja hvað keypt er til safnanna fyrir þá upphæð sem áður fór til skólanna og var í höndum skólastjóra að úthluta til okkar.

Með von um góðar undirtektir.

Fjarðabyggð 15. október 2019

Anna M. Birgisdóttir

Linda Angelís Guðmundsdóttir

Guðrún Þorvaldsson

Teodorinn H. Ö. Steinunnardóttir

Þjarnveig K. Jónasdóttir